

Wolfgang Amadeus Mozart samdi 19 sónötur og tvö tilbrigðaverk fyrir píanó og fiðlu. Píanósnillingurinn nefnir píanóið á undan fiðlunni, enda gefur hann, fyrstur tónskálda, hljómborðinu a.m.k. jafnt vægi við sólóhljóðfærið. Sónata sú sem hér er leikin, í e moll KV 304, er sú fjórða í röðinni, en fyrstu sex sónöturnar, *Kurfürstin Sonaten*, voru tileinkaðar Maríu Elísabetu kúrfurstynju. Allar sónöturnar sex (KV 301-306) voru skrifaðar á árinu 1778 í Mannheim og í París.

Páll Pampichler Pálsson skrifaði verkið Expromptu í Graz árið 1997 fyrir Austurríkismennina Sebastian Gürtler fiðluleikara og Markus Schirmer píanóleikara. Formbygging Expromptu er sótt í Impromptu Schuberts í B dúr (D935 nr. 3), eða ABAC. Fyrsti og þriðji hluti eru með alvörुþrungnum undirtóni, annar hlutinn er andstæða þess í hraða og yfirbragði. Sá fjórði er Coda þar sem efniviður hinna kaflanna sameinast.

Stravinsky var lítt hrifinn af strengjahljóðfærum í upphafi 20. aldar, eða um það leyti sem hann skrifaði mörg þekktustu verka sinna t.d. Vorblótið! En um 1930, áratug eftir að hann hóf að semja í hinum Neóklassíkska stíl, breyttist skoðun hans. Duo Concertant þykir mikilvægur áfangi í þessari hugarfarsbreytingu. Verkið var samið árið 1932, ári áður en hann samdi hinn þekkta fiðlukonsert sinn.

Hann notar ýmsa forna titla sem kaflaheiti, Eglogue þýðir stutt hjarðljóð og Dithyrambe er nefnt eftir forngrískum kórsöng sem var sunginn til dýrðar guðinum Díónýusi, fullur af ákefð og tilfinningu. Stravinsky sagði verkið einmitt vera undir sterkum áhrifum ævafornra hjarðljóða og þeirri menningu sem tengdust þeim.

*Kaffistofa safnsins er opin að tónleikum loknum
The cafeteria is open after the concert*

Sumartónleikar í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Sigurbjörn Bernharðsson
fiðla

Anna Guðný Guðmundsdóttir
píanó

Priðjudaginn 27. júní 2000 kl. 20:30

Efnisskrá

Sigurbjörn Bernharðsson hóf fiðlunám 5 ára gamall hjá Gígju Jóhannsdóttur og lauk einleikaraprófi hjá Guðnýju Guðmundsdóttur árið 1991. Hann lauk BM prófi 1995 og MM 1998 og voru aðalkennarar hans Roland og Almita Vamos, Shmuel Ashkenasi og Matias Tacke. Sigurbjörn hefur starfað víða í Bandaríkjunum. Í veturnar var hann gestaprófessor í fiðluleik við Oberlin Conservatory, en er nýgenginn til liðs við Pacifica strengjakvartettinn og mun einnig kenna við University of Chicago næsta ár. Auk þess mun hann starfa sem konsertmeistari kammerhljómsveitarinnar Contemporary Chamber Players.

Anna Guðný Guðmundsdóttir lauk prófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík og hélt síðan til framhaldsnáms við Guildhall School of Music and Drama í London. Þaðan lauk hún Post Graduate námi með áherslu á samleik. Hún hefur starfað á Íslandi frá árinu 1982 og tekið virkan þátt í íslensku tónlistarlífi. Hún hefur komið fram sem einleikari m.a. með Sinfóníuhljómsveit Íslands (nú síðast í desember sl. í píanókonsert eftir Poulenc) og Kammersveit Reykjavíkur (síðast í píanókonsert eftir Atla Heimi Sveinsson á Listahátíð 2000). Hún hefur leikið í stærri og minni hópum, inn á fjölda geisladiska og á fjölda tónleika innanlands sem utan. Hún er lausráðin við Sinfóníuhljómsveit Íslands og kennir við Tónlistarskólann í Reykjavík.

W. A. Mozart
1756-1791

Páll P. Pálsson
f. 1928

Igor Stravinsky
1882-1971

Sónata í e moll KV 304
Allegro
Tempo di Menuetto

Exromptu (1997)
frumflutningur á Íslandi

Duo Concertant (1932)
Cantiléne
Elogue I
Elogue II
Gigue
Dithyrambe